



Vinnuskóli Fjarðabyggðar

Vinnuskóli Fjarðarbyggðar heyrir undir Framkvæmdarsvið. Dagleg stjórn skólans er í höndum bæjarverkstjóra, yfirflokkstjóra og flokkstjóra. Vinnuskólinn sér um snyrtingu og fegrun í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Unnið er mánudaga – föstudaga, frá kl. 08:00 – 12:00.

Reglur

1. Mæta skal stundvíslega til vinnu. Pásur og kaffítímar eru samkvæmt kjarasamningum nema um annað sé samið hverju sinni svo sem vegna verkstöðu og staðsetningu.
2. Skylt er að virða skoðanir og persónur starfsmanna vinnuskólans óháð aldri og stöðu. Hafa skal að leiðarljósi að „... allir geta gert mistök ...“.
3. Starfsmenn skulu hafa með sitt eigið nesti og viðeigandi hlífðarfatnað. Klæðasamkvæmt veðri og vinnuástandum.
4. Notkun tóbaks og vímuefna er bönnuð á vinnutíma vinnuskólans.
5. Ganga skal af virðingu um áhöld og verkfæri vinnuskólans. Andvirði áhalda verða dregin af launum séu þau skemmd eða eyðilögð með ásetningi.
6. Forráðamanni/-mönnum ber að tilkynna forföll og frí til yfirflokkstjóra/verkstjóra.
7. Notkun farsíma og sjoppuráp er með öllu óheimilt á vinnutíma.
8. Vinna skal öll verk vel eins og framast er kostur. Mikilvægt er að hafa í huga að öll verk hafa tilgang.

Viðurlög

Yfirflokkstjóra/verkstjóra er heimilt að vísa nemanda heim úr vinnuskólanum vegna brota á reglum og eru þeir þá launalausir á meðan. Að öðrum kosti eru viðurlög og viðvaranir sem hér segir:

Notkun tóbaks og/eða vímuefna:

Fyrsta brot, hringt heim til forráðamanns/-manna.
Annað brot, brottvísun.

Aðrar reglur:

Fyrsta og annað brot, áminning.
Þriðja brot, hringt heim til forráðamanns./-manna
Fjórða brot, brottvísun.

Annað

- I. Forföll vegna veikinda eru greidd í allt að 8 klst. á mánuði sem nemandi hefði annars átt að vera í vinnu (2 dagar eða 16 klst. miðað við fulla vinnu).
- II. Vinnuskólinn heyrir undir bæjarverkstjóra og er hann næsti yfirmaður yfirflokkstjóra og flokkstjóra.
- III. Störf vinnuskólans miðast við gildandi reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og ungmenna ásamt síðari breytingum.